


✉ Re: 2109073 - Ósk um umsögn – tillaga að aðalskipulagsbreytingu

Búið til	6.5.2022 13:17:20
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	6.5.2022 13:17:20
Tilheyrir	 202203-0053 - Frístundabyggð Urriðáárlands

Efni

Re: 2109073 - Ósk um umsögn – tillaga að aðalskipulagsbreytingu

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	6.5.2022 13:17:20	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	skipulag@borgarbyggd.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Athugið að umsögnin varðar þrenn aðskilin en nátengd mál sem svarað er sameiginlega í einni umsögn.

Pakkað er fyrir veittan frest á að skila umsögninni.

Tilvísun í mál nr. 202203-0053, 202203-0054 og 202203-0055 (SS).

Vísað er til tölvubréfa frá skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar, dags. 24. mars 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um þrjú mál sem eru:

- Breyting á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 um frístundabyggð Urriðáárlands,
- Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Urriðáár,

og

- Tillaga að deiliskipulagi Klettastígar og Birkistígar í Borgarbyggð.

Þar sem málin eru öll nátengd mun Náttúrufræðistofnun veita sameiginlega umsögn um þau.

Í aðalskipulagsbreytingunni er um að ræða frístundabyggð í landi Urriðaár (F11 í gildandi aðalskipulagi) sem stefnt er að því að stækka og m.a. breyta formlegri landnotkun á landbúnaðarlandi í frístundabyggð. Stækkunin er rúm tvöföldun eða úr 11,4 ha í 23,4 ha. Alls er stefnt að því að fjölga um 17 lóðir og heimilt að byggja eitt frístundahús og eitt aukahús innan hvernar lóðar. Ný vegagerð fylgir breytingunni þar sem gert er ráð fyrir 220 metra löngum botnlagna, Birkistíg sem og nýjar vegtengingar.

Almennt er vel greint frá staðhættum, hverfisvernd og vistgerðum með hátt verndargildi sem eru á svæðinu út frá vistgerðakorti NÍ og jákvætt er að markmið um að hlífa verðmætri og viðkvæmri náttúru hafa mikið vægi í skipulagsáformunum og ýmsar aðgerðir tilgreindar sem hjálpa til við að ná fram því markmiði.

Varðandi fuglalíf má leiðrétta að ekki einungis lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir, heldur einnig jaðrakan og stelkur. Rannsóknir sýna að þessar tegundir forðast innviði sem fylgja frístundabyggðum þ.e. húsbyggingar, vegir, rafmagnslínur o.fl. Þess vegna er mjög mikilvægt við skipulag frístundabyggða að stigið sé varlega til jarðar og að færri og þéttari frístundabyggðir séu æskilegri en fleiri og dreifðari með það að markmiði að skilja eftir stærri samfelldari öröskuð svæði sem nýtast þessum fuglategundum sem búsvæði. Stórt alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði hefur verið skilgreint á Mýrunum vestan Þjóðveggarins (Borgarfjörður-Mýrar-Löngufjörur: <https://www.ni.is/node/16138> (<https://www.ni.is/node/16138>)), en í raun má segja að votlendis-, mólendis- og skóglendisvæði auk stöðu- og straumvatna austan Þjóðveggar séu hluti af sömu búsvæðaheild fyrir fugla og verndargildi þeirra á þessum slóðum því töluvert. Það má því segja að stækkun frístundabyggðar við Urriðaá sé betri kostur en að byggja nýja frístundabyggð en útfærslan skiptir einnig máli og taka þarf tillit til staðbundna þátta einnig svo sem vistgerða sem vitað er að séu mikilvæg búsvæði fyrir þessar ábyrgðartegundir.

Fram kemur að ekki hafi verið gerð grein fyrir öllum skurðum í kortaþekju NÍ á votlendi sem fellur undir 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Náttúrufræðistofnun getur tekið undir það og greinilegt að leiðrétta þarf þá kortlagningu og þykir Náttúrufræðistofnun leitt að svo sé og mun bæta úr því við fyrsta tækifæri. Mögulegt er að einhver hluti votlendis á svæðinu falli undir skilgreininguna en það þarf að staðfesta betur. Náttúrufræðistofnun telur engu að síður að allnokkuð sé um votlendi innan áætlað stækkunarsvæðis, það er að töluverðu leyti raskað af framræslu og vegagerð en ekki þó alls staðar og hægt er að uppfylla markmið um að forðast röskun votlendis með því að hlífa því við skipulag frístundabyggðarinnar eins og hægt er. Þá er nokkuð víst að óraskað votlendi sem fellur undir ákvæði laganna sé í næsta nágrenni frístundabyggðarinnar og huga þarf að því við framtíðarþróun frístundabyggðar á svæðinu. Stefna ætti að því að kortleggja votlendi og verndarstöðu þess á svæðinu sérstaklega í ljósi þess að kortaþekja 61. greinar er ekki fullnægjandi.

Náttúrufræðistofnun gerir athugasemd við að ekki er talið að birkiskógurinn á svæðinu gæti fallið undir verndarákvæði 61. gr. Sú kortaþekja liggur ekki enn fyrir en Skógræktin ákvarðar og kortleggur þá birkiskóga sem falla undir ákvæðið. Nákvæmar skilgreiningar á hvaða skóglendi fellur undir skilgreininguna skv. viðmiðum Skógræktarinnar liggja ekki enn fyrir og þyrfti að staðfesta það t.d. með tilvísun í gögn Skógræktarinnar. Í greinargerð er sérstaklega minnst að útbreiðsla skógarins hafi aukist eftir að skurðir voru grafnir. Þó að aukin útbreiðsla birkiskóglendis sé almennt jákvæð þá í þessu tilfalli er það á kostnað votlendis sem ræst var fram.

Jákvætt er að gerð sé krafa um að í deiliskipulagsáætlun verði skilmálar um að óheimilt sé að gróðursetja erlendar plöntutegundir vegna sérstakrar verndar votlendis og hverfisverndar birkiskóga.

Í greinargerð deiliskipulagsbreytingar frístundabyggðarinnar kemur fram að stígar meðfram lóðamörkum verði staðsettir á jöðrum vistgerða fremur en að skipta t.d. samfelldu votlendi upp í smærri einingar. Þetta er mjög jákvætt og í anda þess sem rætt er hér um að framan að huga að því að forðast að raska votlendi frekar innan svæðisins. Einnig ber að fara varlega á framkvæmdatíma og t.d. mun ný lega Borgarstígs og vegtenging við Klettastíg vera mjög nálægt smátjörnum í votlendi sem eru m.a. mikilvæg búsvæði fugla og að mati Náttúrufræðistofnunar er mjög mikilvægt að hlífa þessum tjörnum og forðast að byggja mannvirki of nálægt þeim.

Samkvæmt greinargerð deiliskipulagsins verða *ekki verða grafnir nýir skurðir meðfram nýjum vegum og stígum* (sjá 15.-16. Línu undir 3 Áhrif breytingar), en hins vegar er það ekki eins skýrt tekið fram í t.d. greinargerð með aðalskipulagi en þar er talað um að *forðast skal eins og kostur er að grafa skurði meðfram nýjum vegum* (greinargerð Aðalskipulags, 4. Vistgerðir og hverfisvernd – votlendi – 7-8. Lína).

Ekki hefur verið byggt á öllum lóðum skv. núgildandi deiliskipulagi, t.d. Borgarstíg 13 en þar er nokkurt votlendi sem virðist að mestu óraskað og svo virðist að það geti átt við fleiri lóðir s.s. Borgarstíg 1. Velta má fyrir sér hvort slíkir votlendisblettir eigi að vera til skoðunar við skipulag nýrra frístundalóða ef betri svæði koma til greina.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við aðalskipulagsbreytinguna eða deiliskipulagstillögunar.

Með kveðju og góða helgi.

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Skipulagsfulltrúinn" <skipulag@borgarbyggd.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: 2109073 - Ósk um umsögn – tillaga að aðalskipulagsbreytingu

Date: 24.3.2022 11:04:59

Góðan dag

Efni: Frístundabyggð Urriðaaárlands – aðalskipulagsbreyting

Varðar umsögn um breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 sbr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti fyrir sitt leyti tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 til auglýsingar á fundi sínum nr. 223, 10. febrúar 2022 að undangengnu álitni Skipulagsstofnunar. Stofnunin skilaði álitni sínu 3. mars 2022 og er tillagan nú lögð fram til kynningar og umsagnar.

Tillagan var auglýst í Skessuhorni og Fréttablaðinu 23. mars 2022, einnig í Lögbirtingablaðinu þann 23. mars 2022. Þá liggur skipulagstillagan fyrir til kynningar í Ráðhúsi Borgarbyggðar. Tillagan er aðgengileg á heimasíðu Borgarbyggðar www.borgarbyggd.is.

Óskað er umsagnar skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Umsagnafrestur er til og með **5. maí 2022**.

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar veitir fúslega nánari upplýsingar verði þess óskað.

Hægt er að senda tölvupóst á skipulag@borgarbyggd.is b.t. skipulagsfulltrúa eða hringja í síma 433 7100.

Meðfylgjandi:

Skipulagslýsing dags. 09.02.2022

Bestu kveðjur / Best regards

Þóra Júlíusdóttir

Verkefnastjóri skipulags- og byggingardeildar

+354 433-7100

thora.juliusdottir@borgarbyggd.is (<http://@borgarbyggd.is>) / www.borgarbyggd.is

(<http://www.borgarbyggd.is/>)

www.facebook.com/borgarbyggd (<http://www.facebook.com/borgarbyggd>)

Efni þessa tölvupósts, sem og skjala og gagna sem send eru sem viðhengi, kann að vera trúnaðarmál. Það er eingöngu ætlað þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og er á ábyrgð sendanda ef það tengist ekki starfsemi Borgarbyggðar eða tengdra stofnana. Misnotkun getur varðað bótaábyrgð og refsingu, auk þess sem viðtakanda ber samkvæmt gildandi fjarskiptalögum að tilkynna sendanda hafi tölvupósturinn eða viðhengi hans ranglega borist honum. Vinsamlegast eyðið póstinum og viðhengjunum í slíkum tilvikum.

The content of this e-mail and its attachments may be confidential and is only intended for the person or entity to which the e-mail is addressed. The sender is responsible for the content of this e-mail and its attachments if it is not connected with the activities of Borgarbyggð or its affiliated entities. Unauthorized use can instigate a claim for damages and constitute a criminal offence. If you have received this e-mail or its attachments by mistake please notify the sender and delete the e-mail and its attachments.

Viðhengi

image001.png (5 KB)